

Markaðs- og menningarnefnd  
Kristinn J Reimarsson, markaðs- og menningarfulltrúi  
Fjallabyggð

## Efni: Tillögur áhugahóps um Jólabæinn Ólafsfjörð.



Með bréfi þessu fylgja nokkar tillögur áhugahóps um jólabæinn Ólafsfjörð, hvað hægt er að gera til að Ólafsfjörður verði „jólabæinn“ á Íslandi.

Annars vegar eru tillögur sem að einhverju leiti snúa að sveitarfélaginu er varðar fjármagn, vinnuframlag og þess háttar og hins vegar tillögur almenns eðlis sem myndu verða á höndum áhugafólks um verkefnið, bæjarbúa og fyrirtækja.

### Tillögur þar sem gert er ráð fyrir aðkomu sveitarfélagsins:

- ✚ Setja niður varanlega 2-3 tréhús, 8-10 fm., sunnan Tjarnaborgar sem hægt væri að nota á aðventunni til að selja ýmsan varning. Húsin myndu einnig nýtast á öðrum tímum ársins. Hver sem er getur leigt hús og selt þar varning. Við það sparast vinna við að koma litlu húsunum sex upp í tengslum við jólahátíðina.
- ✚ Litlu húsin má síðan nota áfram á öðrum stöðum í miðbænum í tengslum við jóladagskrána.
- ✚ Gert verði mögulegt, ef þannig viðrar, að hægt verði að skauta á svellinu á tjörninni, snjó ekki mokað í tjörnina fyrr en eftir áramótin. Settir verði upp ljóskastarar á 2-3 ljósastaura við Aðalgötuna og svellið lýst upp. Einnig þarf að vera hægt að spila tónlist. Þá erum við komin með okkar eigið Rockefeller Center í miðbæ Ólafsfjarðar.
- ✚ Kveikja á lýsingu á stökkpalli og við tjörn, mætti setja litaðar perur í lýsinguna við tjörnina.
- ✚ Að bætt verði við stjörnum á ljósastaura og hringnum lokað vestur Ólafsveg. Vantar nokkrar stjörnur á vestanverðan Ólafsveg að gatnamótum Aðalgötu við brú. Einnig að bæta við stjörnum norður að Múlatindi. Þessi skreyting vekur gríðalega athygli þeirra sem eiga leið um bæinn og þykir mjög falleg. Á sínum tíma voru þessar stjörnur smíðarðar af íþróttafélaginu/körfuboltadeildinni í Ólafsfirði og seldar bænum sem fjáröflun, það má kannski opna á þann möguleika aftur?
- ✚ Hver gata getur tekið sig saman, smíðað og sett upp skreytingar á ljósastaura eins og íbúar á Hlíðarveginum gera um hver jóla. Til þess þarf aðkomu bæjarins sem myndi leggja til rafmagnið.
- ✚ 11. desember verður mikið um að vera í miðbænum sem verður nánar auglýst síðar. Óskað er eftir liðsinni bæjarins m.a. að koma upp eldstæðum, loka götum og þess háttar.

## Tillögur almenns eðlis með aðkomu áhugafólks og fyrirtækja í Ólafsfirði.

- ✚ Að í Pálshúsi (Strandgötu 4 ) verði komið upp safni/sýningu. Þar verði settar upp sýningar, t.d. „svona voru jólin í Ólafsfirði árið 1950.“ Safnið verði opið allt árið um kring, en aðal tími þess verði nóv-des.
- ✚ Áttu gamalt jólas kraut, ekki henda því. Við viljum gjarnan fá það til okkar. Hafðu samband í 📞 **845-2737** eða tölvupóst **hejs1964@gmail.com**
- ✚ Jólabærinn Ólafsfjörður verði með vefsíðu þar sem ýmis jólavarningur verður seldur s.s. hangikjöt, grafinn lax og fleira matarkyns úr firðinum. Einnig aðrar vörur, bútasamur, jólas kraut og jólaseríur sem dæmi.
- ✚ Viðburðir á aðventunni, kvöldstundir, matarmarkaður og kynningar.
- ✚ Höfða til brottfluttra Ólafsfirðinga að heimsækja bæinn fyrir jólin.
- ✚ Þeim sem vantar aðstoð við að setja upp jólaseríur eða annað útiskraut gefst kostur á að fá aðstoð við það, gegn galdi, hjá **Magnúsi Þorgeirssyni**, Bylgjubýggð 22 í 📞 **847-1331**.
- ✚ Föstudagskvöldið **11. desember** er stefnt að því að endurtaka leikinn frá í fyrra. Aðalgötunni verður lokað að hluta og ýmislegt verður í boði og bryddað upp á ýmsum nýjungum sem verður nánar auglýst þegar nær dregur. Þessu ætti enginn að missa af.

Við vonumst til þess að sveitarfélagið taki þátt í því með okkur að markaðssetja Ólafsfjörð sem jólabæ en til þess þarf samstillt átak allra, einstaklinga, fyrirtækja og bæjaryfirvalda.

Að lokum hvetjum við alla bæjarbúa að skreyta mikið og skreyta vel svo eftir verði tekið.

**Anna María Guðlaugsdóttir, Brynhildur Vilhjálmsdóttir, Hanna Maronsdóttir,  
Helgi Jóhannsson, Sigríður Guðmundsdóttir, Svava Jónsdóttir**